



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

30. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2009



Við upphaf fermingarguðspjónustu 29 .mars s.l.

**Takið eftir!
Guðspjónustur í
Seljakirkju í
kyrruviku og um
páska á baksíðu**

Gleðilega páska

Munum hátíð heilagrar trúar

Við göngum til hátíðar á páskunum. Sú mikla hátíð á sér rætur í því sem kristin trú byggir á, að Jesús Kristur sem dó á krossi, reis upp aftur frá dauðum og er síðan að starfi í veröldinni til að styðja einstaklinga og hópa. Það er mikið um það rætt nú, að þess sé full þörf, - og það er rétt. Að hafa tengsl við hann er nauðsynlegt. Það gerum

við þegar við komum til kirkjunnar okkar og tökum þátt í því helgihaldi sem þar fer fram. Þar á reyndar hver kristinn einstaklingur skuld að gjalda við Guð sinn. Við skulum koma til kirkjunnar okkar og hitta þar hinn upprisna Jesúm Krist. Þá munum við eftir hátíð heilagrar trúar. Gleðilega páska.

Valgeir Ástráðsson

Passía

- tónleikar föstudaginn langa

Að kvöldi föstudagsins langa verða vandaðir tónleikar í Seljakirkju að tilefni dagsins. Fluttir verða kaflar úr Matthíasarpassíu Jóhanns Sebastian Bach. Það verk er eins og kunnugt er eitt viðamesta tónverk, sem fjallar um pínu og dauða Jesú Krists. Textinn verður á íslensku, sem auðveldar að fylgjast með og njóta þess sem verkið túlkar. Á tónleikunum verður einnig flutt Crufixus úr H moll messu Bach og messu Antonio Lotti, ásamt einsöngsariúm úr öðrum passíum Bach. Flytjendur verða Kammerkór Seljakirkju ásamt hljóðfæraleikum. Stjórnandi er Jón Bjarnason, tónlistarstjóri Seljakirkju. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og aðgangur er ókeypis.



Sumardagurinn fyrsti

Hátíðahöld sumardagsins fyrsta eru viðburður í hverfinu okkar. Sá dagur er nú **23. apríl**. Skróðgangan hefst að venju á Seljabrautinni, við Þín verslun, kl. 13. Þar er gengið fylktu liði til Seljakirkju. Fjölskylduguðsþjónusta verður þar

með hefbundnu formi. M.a. mun leika þar lúðrasveit Breiðholts og Árbæjar. Að guðsþjónustunni lokinni hefjast hátíðahöld við tjörnina og nágrenni með fjölbreyttri dagskrá. Þar verður gott tækifæri til að fagna sumri.

Uppstigningardagur - dagur aldraðra í kirkjunni

Það er orðin föst hefð að uppstigningardagur er nefndur dagur aldraðra í kirkjunni. Það kemur fram í því að þá er eldri borgurum boðið sérstaklega til kirkjunnar. Á uppstigningardag verður guðsþjónusta í Seljakirkju kl. 14. Við þá guðsþjónustu mun sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédika. Að

lokinni guðsþjónustunni býður kvenfélag kirkjunnar til messukaffis í safnaðarsalnum, þar sem ýmislegt verður líka á dagskrá. Þeir sem óska eftir aðstoð til að komast til kirkjunnar, geta haft samband og úr því verður leyst. Eins og áður munum við fjölmenna til kirkjunnar okkar á uppstigningardag **21. maí** n.k.



Kór Seljakirkju í nýju kórkyrtlunum



Fréttir

Sr. Bolli lætur af störfum

Sr. Bolli Pétur Bollason, sem starfað hefur við Seljakirkju frá árinu 2001, fyrst sem starfsmaður við æskulýðsstarf, og síðan vígður prestur frá 2002, hefur látið af störfum við söfnuðinn og fengið veitingu fyrir Laufásprestakalli í Eyjafirði. Hann hefur þegar tekið þar við starfi og flutt á bernskustöðvar sínar, en þær eru einmitt þar fyrir norðan. Hér í Seljakirkju þökkum við sr. Bolla fyrir störf hans og biðjum honum blessunar í nýju starfi.

Sr. Ólafur Jóhann ráðinn til starfa

Starf prests við Seljakirkju, við hlið sóknarprests, var auglýst laust, þegar það losnaði við brottför sr. Bolla. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson sótti um það embætti, en hann hefur starfað við kirkjuna sem prestur ráðinn af söfnuðinum. Í Seljakirkju hefur sr. Ólafur Jóhann kynnt sig vel. Við fögnum því að hann hefur verið ráðinn í fast starf við söfnuðinn og óskum honum allra heilla.

Sumar- námskeið

Nú í sumar verða sem áður sumarnámskeið fyrir börn í Seljakirkju. Þau eru ætluð börnum 6 - 10 ára og eru byggð upp á leik og kristinni uppfærðslu. Dagskráin verður mjög fjölbreytt.

Að þessu sinni verða námskeiðin tvö, 15.- 19. júní og 22.- 26. júní. Skráning hefst 4. maí í kirkjunni í síma 567 0110. Allar nánari upplýsingar eru veittar í kirkjunni og á heimasíðu Seljakirkju.

Síðasta barnaguðspjónusta vetrarins

Lok barnaguðspjónusta að vori hefur verið notað sem tilefni hátíðar í Seljakirkju. Sú guðspjónusta verður nú í ár 19. apríl kl. 11. Þá munu börn úr barnastarfi Breiðholtskirkju og Fella- og Hólakirkju koma og taka þátt í barnaguðspjónustunni hjá okkur. Að henni lokinni verður svo pylsuveislan rómaða þar sem foreldrnir eru líka velkomnir

Samvera eldri borgara 28. apríl

Aprílsamvera eldri borgara verður haldin 28. apríl, síðasta þriðjudag mánaðarins. Þetta verður jafnframt lokasamveran á þessum starfsvetri. Þá verður ræðumaður Guðmundur Hallvarðsson, fyrrverandi alþingismaður. Kirkjukórinn flytur okkur tónlist, undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Að sjálfsögðu verður svo sameiginlegur léttur kvöldverður, þar sem færi gefst til að spjalla saman. Þær eru góðar þessar samverustundir, og þeirra skulum við njóta.

Nýir kórkyrtlar

Kirkjukórinn hefur tekið í notkun nýja kyrtla til að klæðast við guðspjónustur í Seljakirkju. Kyrtlarnir eru hannaðir af Svövu Aldísi Ólafsdóttur, þar sem vel hefur þótt takast til. Allt sem er til prýði við guðspjónustu safnaðarins er til góðs. Þar skyldum við öll leggja okkur fram. Til kirkjunnar er gott að koma og leita þess fagra.

Heimasíða kirkjunnar

Það má fylgjast með fréttum af starfi kirkjunnar á heimasíðu safnaðarins. Þar er reynt að hafa allar fréttir nýjar þannig að þær gefi góðar upplýsingar um það sem framundan er. Slóðin er: <http://www.seljakirkja.is>



Frá kirkjureið vorið 2008

Guðspjónusta hestafólks 3. maí

Það er einn af föstu liðum safnaðarstarfsins að vori, þegar hestafólk kemur ríðandi til kirkjunnar. Hópar fólks á öllum aldri koma úr hesthúsa-hverfunum í Víðidal, Andvaravöllum, Gustssvæðinu, Fjárborgum og jafnvel víðar að. Við kirkjuna er sett upp vandað og traust gerði fyrir hrossin.

Að lokinni guðspjónustunni er boðið upp á kirkjukaffi, þar sem hestafólk spjallar saman áður en ríðið er heim aftur. Nú í ár verður guðspjónustan 3. maí. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir til þátttöku, á hestbaki eða ekki.

Aðalfundur Seljasóknar 17. maí

Aðalsafnaðarfundur verður haldinn í safnaðarheimilinu að lokinni guðspjónustu sunnudaginn 17. maí.

Á aðalsafnaðarfundi eru lagðir fram reikningar Seljasóknar og fluttar skýrslur starfsdeilda. Einnig er þar kosið til stjórnunarstarfa. Atkvæðisrétt á fundinum hefur allt þjóðkirkjufólk sem býr í Seljahverfi og er eldra en 16 ára. Kirkjufólk er hvatt til þátttöku á mikilvægum fundi.

„Gönguguðspjónustur“ safnaðanna í Breiðholti

Söfnuðirnir þrír í Breiðholti munu standa fyrir göngu um hverfin okkar góðu í júnímánuði. Gengið verður frá einni kirkjunni til annarrar undir leiðsögn Birnu Bjarnleifsdóttur, sem er kunn af mikilli þekkingu á umhverfi og sögu á svæðinu. Verður það hvort tveggja í senn holl ganga og góð fræðsla. Við lok hvernar göngu er guðspjónusta

Fyrsta gangan verður **7. júní**. Hún hefst við Seljakirkju kl. 10. Gengið

verður til Breiðholtskirkju.

Önnur gangan verður **14. júní** frá Breiðholtskirkju til Fella og Hólakirkju og hefst einnig kl. 10.

Lokagangan verður **21. júní**, á sumarsólstöðum, frá Fella- og Hólakirkju til Seljakirkju og þá hefst gangan kl. 19.

Við áfangastað verður séð um flutning til þeirrar kirkju sem lagt var af stað frá.

Guðsþjónustur í Seljakirkju kyrruviku og páska



5. apríl

pálmasunnudagur

- kl. 11 Barnaguðsþjónusta
kl. 10:30 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

9. apríl

skírdagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
kl. 20 Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar

10. apríl

föstudagurinn langi

- kl. 14 Guðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar
Píslarsagan lesin. Litanían sungin
kl. 20 Kvöldtónleikar
Fluttir verða hlutar Matteusarpassíu J.S. Bach á íslensku, ásamt annarri tónlist föstudagsins langa undir stjórn Jóns Bjarnasonar, með kammerkór Seljakirkju, einsöngvurum og hljóðfærleikurum.

12. apríl

páskadagur

- kl. 8 Morgunguðsþjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Félagar úr Sinfóníuhljómsveitinni leika á lúðra
Einsöng syngur Ingibjörg Ólafsdóttir
kl. 11 Fjölskylduguðsþjónusta
Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Barnakór kirkjunnar syngur undir stjórn Önnu Jónsd.
Organisti: Anna Margrét Óskarsdóttir
kl. 11 Guðsþjónusta Skógarbæ
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

13. apríl

annar páskadagur

- kl. 14 Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar
Organisti við guðsþjónusturnar er Jón Bjarnason

Páskaguðspjallið

Mt. 28. 1 - 10

Að liðnum hvíldardegi, þegar lýsti af fyrsta degi vikunnar, komu þær María Magdalena og María hin til að líta á gröfina. Þá varð landskjálfti mikill því engill Drottins sté niður af himni, kom og velti steininum og settist á hann. Hann var sem elding ásýndum og klæðin hvít sem snjór. Varðmennirnir skulfu af hræðslu við hann og urðu sem örendir.

En engillinn mælti við konurnar: „Þið skulið eigi óttast. Ég veit að þið leitið að Jesú hinum krossfesta. Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn þar sem hann lá. Farið í skyndi og segið lærisveinum hans: Hann er upp risinn frá dauðum, hann fer á undan ykkur til Galíleu. Þar munuð þið sjá hann. Þetta hef ég sagt ykkur”. Og þær fóru í skyndi frá gröfinni, með ótta og mikilli gleði, og hlupu að flytja lærisveinum hans boðin. Allt í einu kemur Jesús á móti þeim og segir: „Heilar þið!” En þær komu, féllu fram fyrir honum og föðmuðu fætur hans. Þá segir Jesús við þær: „Óttist ekki, farið og segið bræðrum mínum og systrum að halda til Galíleu. Þar munu þau sjá mig”.



Safnaðartiðindi Seljasóknar
30. árg. 1. töl. Páskar 2009

Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.